

Ed.

80. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á því, hversu unnt má verða að fullgreiða ríkisskuldur Íslands með sérstökum skatti.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leitast nú í vetur og vor fyrir hjá öllum sýslunefndum og bæjarstjórnnum, hvort þær vilji mæla með, að lagður verði á, svo fljótt sem auðið er, eignaraukaskattur á gróða, sem myndast hefur eftir árslok 1939, aðallega á eignarauka, sem nemur meira en 60 þús. kr., í því skyni, að fullgreiða á þann hátt ríkisskuldur þjóðarinnar, svo að segja um leið og þjóðveldið verður endurreist.

Greinargerð.

Hvar sem til fréttist á landinu, hafa einstakir menn og atvinnufyrirtæki notað auknar tekjur síðustu ára til að greiða skuldir sínar að mestu eða öllu leyti. En ríkið hefur sama og ekkert greitt af skuldum sínum. Þjóðstjórninni tókst ekki að vekja hrifningu eða athafnir í þessu efni, og síðar hefur ekki verið neitt gert til að létta fyrir skuldagreiðslunni. Ríkið skuldar nú um 50 milljónir króna, bæði utan lands og innan. Ef ekki verður notað tækifærið, meðan tekjur manna eru óvenjulega miklar, til að greiða ríkisskuldirnar, munu þær þá segja til sín, þegar verðfallið og atvinnuferfiðleikar byrja að heimsækja þjóðina.

Á undangengnum missirum hefur verið unnið að því, með virðingarverðum sam- hug flokka og stétta, að undirbúa endurreisn hins íslenska lýðveldis á þessu ári. Það er mikill atburður í lífi þjóðarinnar að verða aftur frjáls, eftir nálega sjö alda van- stjórn erlendra manna. Það er ástæða til að gera þennan atburð hátiðlegan og eftir- minnilegan með þjóðlegu átaki. Mér finnst, að fátt gæti sýnt betur í verki, að þjóðin væri fær um að fara með fullkomið sjálfstæði, heldur en það að fullgreiða um sama leyti allar gömlu skuldir ríkisins. Þjóðfélagið á að hafa jafnmikla ráðdeild og jafn- mikinn metnað og einstaklingar, sem brotið hafa af sér skuldafjötra undangenginna erfiðleikaára. Þjóðin öll getur gert hið sama. Það er óafsakanlegt tómlæti af íslenzku þjóðinni að koma með 50 millj. króna ríkisskuld óhreyfða inn á tímabil mögru ár- anna eftir stríðið.

Ég bar fram tillögu í sameinuðu Alþingi nokkru fyrir jól, þar sem vakið var máls á því, að þjóðinni bæri skylda til að hefja samtök um greiðslu ríkisskuldanna. Talsmenn kommúnistaflokksins risu til andmæla í þinginu. Þeir játuðu, að þeir vildu ekki greiða ríkisskuldirnar. Þingmenn borgaralegu flokkanna tóku tillögunni með velviljuðu hlutleysi og gærdi ekkert til að leysa vandann í það sinn.

En utan þings var meiri áhugi fyrir málinu. Fjöldi manna sneri sér til mín persónulega og bréflega og lýsti yfir eindregnu fylgi við hugmyndina um snarlega greiðslu ríkisskuldanna. Ég hef ástæðu til að ætla, að mikill meiri hluti kjósenda í landinu mundi fagna því, ef skuldir ríkisins yrðu greiddar, þó að það kæmi við allan þorra borgaranna í landinu. Í greinargerð minni fyrir umræddri þingsályktunartilögu benti ég á hinar óvenjumiklu innistæður landsmanna í bönkum og sparisjóðum innan lands og utan, að ógleymdum innistæðum erlendis, sem stafa frá dvöl setu- liðsins í landinu. Ef dýrtíðin heldur áfram að vaxa stöðvunarlaust, má telja sennilegt, að lítið verði úr meginhluta af þessum innistæðum, og er þá enn tilfinnanlegra að hafa ekki notað eitthvað af handbæru fé landsmanna til greiðslu ríkisskuldanna, þó að tími var til.

Fyrir tæplega ári sóttu kommúnistar á að safna liði úr Framsóknarflokknum og Albýðuflokknum um frv. varðandi sérstakan eignaraukaskatt á gróða stríðsáranna. En ekki var hátt risið á þessu frumv., því að ekki var beðið um nema nokkrar milljónir af hinum umdeilda gróða stríðsáranna. Ekki var stefnt að sérstöku takmarki með frumv. og alls ekki minnzt á greiðslu ríkisskuldanna. Kommúnistar töldu sig svo mjög fýsandi þess, að frumv. næði fram að ganga, að þeir vildu framlengja þingið, sem staðið hafði allan veturinn 1942—1943, fram undir júnílok, til að ljúka þessu frumv., þó að það lengdi þingsetuna um sex eða átta vikur. Framsóknarmenn voru ófúsir til að framlengja þingið yfir allan vortímamann vegna þessa eina máls, sem nægur tími var til að ljúka á nálega fjögurra mánaða haustþingi. Málið beið til hausts, en það lá fyrir þinginu. Flutningsmenn voru þrír: Brynjólfur Bjarnason, Haraldur Guðmundsson og Hermann Jónasson. Millipinganevnd fjallaði um málið allt sumarið án alvarlegs árangurs. Ekki var enn minnzt á ríkisskuldarnar og greiðslu þeirra.

Alþingi kom saman í byrjun september. Forseti efri deildar var úr kommúnistaflokknum. En hann tók málið ekki til meðferðar, fyrr en liðnir voru nálega þrjú mánuðir. Áhuginn hafði þannig dofnað yfir sumarið, að í þess stað létu kommúnistar málið dragast svo lengi, að það gæti ekki komið nema gegnum aðra deildina. Auk þess var eftir ráðum verkamannaleiðtoganna lagt til, að lágmark stríðsgróða, sem myndaði grundvöll gróðaskattsins, skyldi hækka úr 80 þús. kr. í 100 þús. Leiðtogar verkamanna vissu, að í þeirra fylkingum var mikill fjöldi manna, sem höfðu grætt fram undir 100 þús. kr. Það þótti rétt að undanþiggja þeirra gróða. En auk þess vildu leiðtogar kommúnista ekki, að málið næði fram að ganga, vegna þess að þeir áttu líka stórgróðamenn í sínum flokki. Um tvo af þingmönnum kommúnista var kunnugt, að annar þeirra hafði orðið að greiða yfir 60 þús. kr. útsvar í Reykjavík, en um hinn var vitað, að hann hafði grætt óhemju fjár á fisksölu til stríðslandanna. Hundrad þúsund króna lágmarkið og þriggja mánaða hvíld frumv. í vörzlu forseta efri deildar, Steingríms Aðalsteinssonar, sýndi, að hér var verið að leika skopleik á Alþingi. Ef skatta átti stórgróðann, varð að beita meiri alvöru og manndómi en hér var látið koma í ljós.

Þegar hér var komið sögunni, þótti mér einsýnt, að skopleikurinn mætti hætta og alvaran byrja. Ég flutti þess vegna við lokaumr. frumv. í efri deild tvær tillögur, aðra um að lækka lágmarkið úr 100 þús. kr. í 60 þús. og hina um að láta allan skattinn ganga til lúknings á skuldum ríkisins. Flutningsmenn frumv. snerust móti báðum tillögnum, og voru þær felldar með flestum atkvæðum í deildinni. Ég lýsti þá óbeit minni á loddaraleik kommúnista og neitaði að vera þátttakandi í skrípaaðgerðum þeirra. Greiddi ég atkv. móti frumv. Það var engu að síður samþykkt í deildinni, en kom eiginlega aldrei til meðferðar í neðri deild. Svefnþorn Steingríms Aðalsteinssonar um þriggja mánaða skeið hafði sýnt vilja kommúnistaflokksins.

Á skilnaðarþinginu hélt Brynjólfur Bjarnason áfram sjónleik sínum og fékk Harald Guðmundsson enn sem fyrr til samleiks við sig. Framsóknarmenn höfðu fengið nóg af þessari leikarastarfsemi. Flokkurinn lagði ekki til neinn flutningsmann, og í

Tímanum var af hálfu ritstjórnarinnar farið hörðum orðum um sviksemi og loddarskap Brynjólfs og þeirra féлага hans í sambandi við meðferð málsins.

Eftir því sem lengur leið, urðu fleiri og fleiri leiðir á að treysta kommúnistum til átaka móti stríðsgróðanum. Þegar málið kom til 1. umr., vildu engir framsóknarmenn taka þátt í atkvæðagreiðslu í því skyni að koma því til 2. umr. Annar fulltrúi Alþýðuflokksins, Guðmundur Í. Guðmundsson, starfsfélagi Stefáns Jóhanns við lögfræðistarf, neitaði að koma í deildina til að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Steingrímur Aðalsteinsson tók nú málið út af dagskrá og beið í nokkra daga til að vita, hvort betur blési. En þá fór á sömu leið. Guðmundur Í. Guðmundsson var fjarverandi, en ég greiddi atkvæði móti frumv. Gerði ég stuttlega grein fyrir atkvæði mínu. Ég neitaði að vera leikari á leiksviði kommúnista. Öll meðferð málsins væri í þeirra höndum loddaraspil og Alþingi til lítils sóma. Málið ætti að takast upp að nýju á heilbrigðum grundvelli í sambandi við fullnaðargreiðslu ríkisskuldanna.

Ég legg nú til, að fram verði haldið hugmyndinni um fullnaðargreiðslu ríkisskuldanna með sérstökum skatti, sem ná til stríðsgróða í hvaða mynd sem er. Ef hugmyndin er borin undir fulltrúa þjóðarinnar í sýslunefndum og bæjarstjórnnum, má sjá vilja þjóðarinnar um þessi tvö aðalatriði: hvort þjóðin vill nú þegar fullgreiða ríkisskuldirnar og hvort hún hikar við að leggja þessa byrði á stríðsgróðann. Ég þykist þess fullviss, að þjóðin muni svara spurningunum játandi. Eignaraukaskattur er óvenjuleg framkvæmd. Þjóðin þarf að finna, að þar sé unnið með festu og hófsemi. Skyndigróði stríðsáranna er mikill og mun reynast hverfull. Ríkisskuldirnar hafa myndast í sambandi við framkvæmdahug landsmanna. Lánsfénu hefur verið varið til fyrirtækja eins og sildarverksmiðjanna og til bankanna í því skyni, að þeir gætu síðan orðið lyftistöng fjölmargra atvinnufyrirtækja. Þess vegna er réttlátt, að gróði stríðsáranna gangi til að þurrka út sameiginlegar skuldir þjóðarinnar.